



Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá

Um trúarlífssálfræði Williams James

Tinna Þuríður Sigurðardóttir

Lokaverkefni til BSc-gráðu

Sálfræðideild

Heilbrigðisvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá
Um trúarlífssálfræði Williams James

Tinna Þuríður Sigurðardóttir

Lokaverkefni til BSc-gráðu í sálfræði

Leiðbeinandi: Jörgen L. Pind

Sálfræðideild

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2014

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BS gráðu í sálfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Tinna Þuríður Sigurðardóttir 2014

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, Ísland 2014

Útdráttur	4
Stutt ágríp af sögu sálfræðinnar.....	4
William James	6
Bakgrunnur	6
Persóna	7
Harvard árin, Principles og heimsfrægð.....	9
The Varieties of Religious Experience	10
Fyrsti fyrirlestur: Trúarbrögð og taugafræði	10
Annar fyrirlestur: Viðfangsefnið skilgreint	12
Þriðji fyrirlestur: Raunveruleiki þess óséða.....	14
Fjórtí og fimmtí fyrirlestur: Trúarbrögð heilbrigðs hugarfars.....	15
Sjötti og sjöundi fyrirlestur: Hin sjúka sál.....	18
Áttundi fyrirlestur: Hið skipta sjálf og ferli sameiningar þess	20
Níundi fyrirlestur: Trúskipti / sinnaskipti	22
Tíundi fyrirlestur: Trúskipti-niðurlag.....	22
Ellefti, tólfthi og þrettándi fyrirlestur: Helgun/heilagleiki	23
Fjórtdánda og fimmtánda fyrirlestur: Virði helgunar	24
Sextánda og sautjándi fyrirlestur: Dulhyggja	24
Átjándi fyrirlestur: Heimspeki.....	25
Níttjándi fyrirlestur: Önnur einkenni	26
Tuttugasti fyrirlestur: Niðurstöður.....	26
Umfjöllun og gagnrýni á Varieties.....	27
Saga trúarlífssálfræði	30
Varieties og nútíma sálfræði.....	32
Heimildaskrá	35

ÚTDRÁTTUR

William James hefur verið kallaður faðir sálfræðinnar í Ameríku og er einn þekktasti sálfræðingur sem uppi hefur verið. Verk hans hafa haft víðtæk áhrif, enda voru bækur hans *The Principles of psychology* (1890) og *Psychology: Briefer course* (1892) lengi vel notaðar við sálfræðikennslu auk þess sem þær og önnur ritverk hans eru enn klassísk heimspeki- og sálfræðirit. Á árunum 1901-1902 var James gestafyrirlesari í Edinborg og flutti þar fyrirlestraröð sem var gefin út árið 1902 undir heitinu *The varieties of religious experience*. James var einn þeirra fyrstu sem fjölluðu um trúarreynslu á sálfræðilegan hátt og það má segja að með þessum fyrirlestrum hafi hann brotið blað í sögu sálfræðinnar og umfjöllunar um trúarlíf.

Skipulögð trúarbrögð og stofnanir voru ekki til umfjöllunar hjá James, heldur voru persónuleg trú og upplifanir fólks viðfangsefni hans. Hann fjallaði um trúarlíf einstaklinga út frá reynslu þeirra og notaði mikið af reynslusögum til þess að skýra viðfangsefni sitt betur. Sögurnar komu úr ýmsum áttum, sumar bárust honum með bréfaskriftum en mikið af þeim komu frá Starbuck, sem hafði safnað sögum af trúarreynslu fólks og gefið út í bókinni *The psychology of religion* árið 1899. James fjallaði um trúarlíf af virðingu, gætti þess að sýna bæði trúuðum og trúlausum skilning og setti sig í spor beggja. Hann lagði áherslu á að verðgildi hugmynda ákvarðaðist af þeim ávexti sem þær bæru en ekki af uppruna þeirra.

Hér verður trúarlífssálfræði James kynnt, fjallað verður um þann jarðveg sem hún spratt upp úr, bæði sálfræðina um aldamótin 1900 og ævi og starf James. Auk þess verður gefin samantekt á efni fyrirlestranna og að lokum verður rætt um áhrif og stöðu trúarlífssálfræðinnar innan nútímasálfræði.

STUTT ÁGRIP AF SÖGU SÁLFRÆÐINNAR

Sálfræði og hin ýmsu viðfangsefni hennar hafa lengi verið mönnum hugleikin. Rætur hennar má rekja allt aftur til grískra fornspekinga, sem veltu fyrir sér spurningum um eðli manns og hugar. Á átjándu öld var hugtakið sálfræði skilgreint í hinu franska alfræðiriti *Encyclopédie* sem sú grein heimspeki sem kennir allt sem vitað er um sál mannsins (Janz, 2004). Á nítjándu öld fóru að bætast við ólíkar nálganir í sálfræði. Bækur og rit með orðinu sálfræði, eða *psychologie*, í titlinum voru gefin út og um 1824-5 kynnti Herbart sálfræðina sem vísindagrein í riti sínu *Psychologie als Wissenschaft*. Lífeðlisfræðilegri nálgun var beitt og menn eins og Donders, Helmholtz og Fechner gerðu ýmsar mælingar sem tengdu hina áður heimspekilegu sálfræði við raunvísindin, með því að beita empirískum mælingum til þess að mæla t.d. skynjun (Janz, 2004).

Wilhelm Wundt færði rök fyrir því að sálfræðin væri sjálfstæð vísindagrein og væri hvorki hluti heimspeki né lífeðlisfræði, í riti sínu *Grundzüge der physiologischen*

Psychologie (1873-4). Hann lagði þar með grunn að stofnun fyrstu tilraunarstofunnar í sálfræði, sem hann stofnaði árið 1879 í Leipzig. Sálfræðin var þar með orðin sjálfstæð, akademísk fræðigrein. Fleiri tilraunastofur voru stofnaðar í kjölfarið og sálfræðitímarit og -félög voru stofnuð. Einnig voru gefnar út kennslubækur í sálfræði, til dæmis *Grundriss der Psychologie* (1893) eftir Külpe og *Principles of psychology* (1890) eftir James (Janz, 2004; Leahay, 2013).

Sálfræðin var margbreytileg grein allt frá upphafi og hinir sjálfútnefndu sálfræðingar níttjándu aldar komu úr ýmsum áttum, höfðu margvíslega þjálfun og ólíkar kenningarlegar nálganir. Þýsk sálfræði og amerísk sálfræði voru líka ólíkar, enda var heilt haf sem skildi þær að. Tilraunasálfræði Wundts var töluvert ólík þeirri funksjónalísku nálgun sem tíðkaðist vestan hafs (Hilgard, 1987).

Fjarlægðin milli heimsálfa var þó ekki öllum jafnmikill fjötur um fót. William James (1842–1910), einn fremsti sálfræðingur Bandaríkjanna, hafði allt frá unga aldri ferðast (og flutt) oftast milli heimsálfanna en flestir samtímamenn hans. Hann hafði stundað nám bæði í Bandaríkjunum og í ýmsum Evrópulöndum, sem varð til þess að hann hafði tungumálaþekkingu og meiri yfirsýn og skilning en flestir samtímamenn hans. Hann fylgdist með helstu straumum og stefnum sálfræðinnar í Evrópu og kynnti sér starfsemi þýsku tilraunastofanna. James myndaði mikilvæga brú milli heimsálfa og flutti hugmyndir þeirra á milli (Perry, 1935).

James var vísindamaður og var menntaður í læknisfræði líkt og Wundt (Hilgard, 1987), en hann var ekki mjög hrifinn af þýsku tilraunasálfræðinni. Þýska sálfræði Wundts og félaga byggði á mikilli stjórn og nákvæmni (sem sumir gætu litið á sem smámunasemi). Innskoðun (e. *introspection*) þeirra byggði á tilraunaaðferð en innskoðun James var frekar byggð á fyrirbærafræði (e. *phenomenology*; Hilgard, 1987). Hann var ekki jafn nákvæmur og hafði ef til vill ekki sömu þolinmæði og þýsku sálfræðingarnir. James var heimspekilega þenkjandi alla tíð og því er ekki að undra þó hann hafi gerst heimspekingur á sínum efri árum (Simonton, 2002). Nálgun hans á sálfræðina var einnig heimspekileg (Feinstein, 1984; Perry, 1935). Það er því engin tilviljun að það var James en ekki Wundt sem var fyrstur til að fást sálfræðilega við trúarlífið enda var lítið rúm fyrir sálina í hinni náttúruvísindalegu sálfræði Wundts, en í heimspekilegri sálfræði James var rúm fyrir hið óþekkta og illskiljanlega.

WILLIAM JAMES

BAKGRUNNUR

Henry James, faðir Williams, var sonur írskrs innflytjanda sem hafði lagt mikið á sig til þess að verða auðugur. Faðir hans lagði mikla áherslu á dugnað og vinnusemi og var trúrækinn Kalvinisti. Henry var uppreisnarseggur sem hafði önnur gildi en faðir hans, enda ólst hann upp við allt önnur skilyrði. Henry var stefnulaus, prófaði ýmislegt en staldraði yfirleitt ekki lengi við neitt. Það var þó þrennt sem hafði mikil áhrif á Henry og fylgdi honum gegnum lífið: kalvinismi, útlimsmissir og deilur við föður sinn. Henry glímdi við kalvinismann sem hann var alinn upp við og þótti varpa á sig dómi. Þegar hann var ungur missti hann fótlegg og það olli honum bæði líkamlegum og andlegum sársauka. Deilur Henry við föður sinn, sem snéru helst að gildismati og vali á starfsferli, höfðu mikil áhrif á líf hans (Feinstein, 1984).

Sem dæmi um stefnuleysi Henry má nefna það hversu oft hann flutti sig og fjölskyldu sína, bæði innanlands og milli heimsálfa. Henry skipti oft um skoðun, jafnvel lífsskoðun, sem gerði það að verkum að það var nokkurn veginn ómögulegt að þóknast honum. Það hafði áhrif á börnin hans, ekki síst William, sem vildu, eins og önnur börn, að sjálfsögðu fá viðurkenningu föður síns. Henry hafði upphafið list og listamenn, en þegar William vildi gerast listamaður voru það vísindin sem voru göfugust. Þegar William var orðinn vísindamaður voru vísindin hinsvegar orðin „hættuleg sálinni“ (Feinstein, 1984, bls. 99). Hugmyndir Henry um göfugleika vinnu voru frekar sérkennilegar. Vinna og listsköpun var göfug iðja, ef hún var ekki stunduð af nauðsyn. Hún var því ekki lengur göfug ef hún þjónaði þeim tilgangi að fæða menn og klæða (Feinstein, 1984). Ef til vill var þetta einhvers konar sjálfsréttlætning eða réttlætning á hans eigin lífsstíl.

Stjórnun (e. *manipulation*) var hluti af samskiptamynstri James fjölskyldunnar. Henry eldri, notaði veikindi sín og ógn dauðans til þess að fá William og aðra fjölskyldu meðlimi til þess að gera það sem hann vildi. William notaði þessa sömu aðferð. Veikindi voru ógnun og í sumum tilvikum afsökun sem þeir feðgar nýttu til að ná fram vilja sínum. Veikindi höfðu einnig herjað á aðra fjölskyldumeðlimi. William eldri, afi Williams, flúði Írland vegna mikilla veikinda sem herjuðu á landsmenn, en missti síðar tvær eiginkonur vegna veikinda. Alice, systir Williams, glímdi einnig við andleg og líkamleg veikindi, sem urðu til þess að hún var löngum rúmföst og lést aðeins 43 ára að

aldri (Feinstein, 1984). Feðgarnir Henry og William upplifðu báðir andlega krísu þegar þeir voru á fertugsaldri, sem átti eftir að hafa mótandi áhrif á þá. Henry lýsti því yfir að þessi andlega krísa hefði verið undirstaðan að trúarskilningi hans (e. *the basis of his spiritual understanding*). William vildi hins vegar ekki viðurkenna sína eigin kreppu, en hann lýsti henni í Gifford fyrirlestri sínum um hina sjúku sál og þá sem upplifun fransks pennavinar en ekki sinni eigin (Feinstein, 1984).

William eldri reyndi að þvinga Henry eldri til þess að sækjast eftir því sama og hann sjálfur, en Henry fann sér leið til að komast hjá því. Henry var alla tíð frekar stefnulaus en reyndi samt sem áður að stýra því hvert William stefndi í lífinu, vandinn var sá að hann skipti nokkuð oft um skoðun á því hver sú stefna væri. Henry tókst betur til með að stjórna William heldur en William eldri hafði tekist að stjórna honum sjálfum. William gaf upp líf listamannsins, sem hann hafði sjálfur óskað sér, til þess að sækjast eftir lífi vísindamannsins, sem Henry óskaði honum. Eftir að hann hafði tekið þessa ákvörðun um starfsferil fór þunglyndi að herja á William og hann virðist ekki hafa verið sáttur með valið. Hann hélt áfram að teikna í stílabækur og þess háttar, en vann ekki að neinum listaverkum. Það er hægt að lesa vanlíðan hans og innri baráttu út úr þessum teikningum og úr bréfaskriftum hans. Í einum fyrirlestri síðar á lífsleiðinni gefur hann dæmisögu, sem endurspeglar líklega hans eigin upplifun. Hann segir frá manni sem þarf að velja milli tveggja starfsferla, en hefur síðar bakþanka um valið. Hann veltir því fyrir sér hvort af þessum tveimur framtíðarsjálfum hann hefði frekar átt að velja og hvort hann hafi valið rétt. Hann kallar yfirgefna framtíðarsjálfið „hið myrta sjálf“ (Feinstein, 1984). Þessi mynd sem hann dregur upp er frekar dökk.

PERSÓNA

Líkt og áður hefur verið nefnt vildi James lítið hafa að gera með hina nákvæmu sálfræði Þjóðverja, en hafði þess í stað áhuga á heimspekilegri og jafnvel yfirnáttúrulegum hliðum sálfræðinnar. Trú, trúarbrögð og hefðir voru stór hluti af lífi hans. Faðir hans, Henry, velti trúnni mikið fyrir sér en hafði sjálfur yfirgefið trúarskoðanir föður síns. Swedenborg var mikill áhrifavaldur í trúarkenningum Henry eldri. William James hafði sína eigin skoðun þegar kom að trúmálum, en hún litaðist vissulega af uppeldi hans og þeim kenningum sem hann hafði kynnst hjá föður sínum. William var vel lesinn maður og því er líklegt að hann hafi kynnst margvíslegum kenningum, sem einnig höfðu áhrif

á hans eigin trúarkenningar. William hafði áhuga á hinu yfirnáttúrulega, svo sem hugsanaflutningi og huglækningum. Þegar hann fjallaði um trú, gerði hann það út frá einstaklingnum, ekki út frá trúarbrögðum. Hann fékkst við upplifanir fólks, lækningu, frelsi, nærveru anda o.fl. (Ross, 1991).

Samúðin er víða sýnileg í skrifum James. Hann lifði vissulega vernduðu lífi og var að mörgu leyti forréttindabarn. Hann fæddist inn í efnaða fjölskyldu og hafði aldrei þurft að vinna fyrir sér þegar hann var orðinn þrítugur. En lífið hafði engu að síður reynst honum erfitt. Hann þekkti sársauka og þjáningu. Hann hafði glímt við þunglyndi og sjálfsvígshugsanir og það er líklegt að þessar raunir hafi dýpkað samkenndina og samúðina. James hafði áhyggjur af því að vitstol (e. *insanity*) væri arfgengt, var hræddur um eigið hugarástand og um að missa vitið. Faðir hans, Henry, hafði upplifað andlega krísu og William óttaðist að erfðir hans dæmdu hann til þess að missa á endanum vitið. Af þessum sökum var hann hræddur við að eignast börn og vildi að geðveikin endaði með honum sjálfum (Feinstein, 1984, bls. 306). Hann eignaðist engu að síður fjögur börn með eiginkonu sinni Alice (Myers, 1986).

Rannsóknir hafa sýnt fram á mögulega fylgni milli þess að vera listrænn/skapandi og þess að eiga við geðræn vandamál að stríða (Simonton, 2002). James er ágætis dæmi um þetta samband. Hann átti í erfiðleikum með andlegt heilbrigði sitt og átti í stöðugri innri baráttu milli þess sem hann langaði og þess sem honum fannst ætlast til af sér. Það sá þó loksins fyrir endan á þessu þegar hann fór að vinna fyrir sér, en þá var hann kominn á fertugsaldur (Feinstein, 1984). Líklega hafði þetta mótandi áhrif á skrif hans og upp að vissu marki var hann sennilega meðvitaður um þessi áhrif. Í fyrirlestri sínum um taugaveiklun fjallar hann um tengslin milli sturlunar/taugaveiklunar og snilligáfu. Hann nefnir Dr. Moreau, Dr. Lombros og Mr. Nisbet sem sögðu meðal annars að snilligáfa væri aðeins ein af mörgum trjágreinum taugaveiklunartrésins (e. *neuropathic tree*) og að eftir því sem snilligáfan væri meiri, þeim mun óstöðugari væri persónan (e. *the greater the genius the greater the unsoundness*; James, 1902/1985, bls. 22). Það er þó óvíst að hann hafi sett sjálfan sig í þetta samhengi.

HARVARD ÁRIN, PRINCIPLES OG HEIMSFÆGÐ

James útskrifaðist frá Harvard með próf í læknisfræði árið 1869 (Hilgard, 1987). Hann starfaði þó aldrei sem læknir. Eftir útskriftina tók við tímabil þunglyndis og tilvistarkreppu. Með stuðningi frá systur sinni, Alice og lestri á Renouvier, komst hann þó upp úr þunglyndinu (Hilgard, 1987) og árið 1872 bauðst honum kennslustaða í lífeðlisfræði við Harvard háskóla, sem hann þáði og hóf þar með starfsferil sinn. Hann kenndi sitt fyrsta námskeið í sálfræði árið 1875, en hafði þó aldrei setið slíkt námskeið sjálfur (Myers, 1986). Árið 1876 varð hann aðstoðarprófessor í sálfræði við sama háskóla og tveimur árum seinna tók hann að sér að skrifa *The principles of psychology*. Það leið þó ekki á löngu þar til hann skipti aftur um fræðigrein, því árið 1879 byrjaði hann að kenna heimspeki. Árið þar á eftir varð hann aðstoðarprófessor í heimspeki og árið 1885 varð hann prófessor í heimspeki. Hann varð síðan prófessor í sálfræði árið 1889 og hélt þeirri stöðu þar til hann skipti í síðasta skiptið um fræðigrein árið 1897, þegar hann snéri sér aftur til heimspekinnar og endaði starfsferil sinn sem prófessor í heimspeki árið 1907 (Myers, 1986).

Kennslubækur í sálfræði voru eitt helsta áhrifataeki James. *The principles of psychology*, var gefin út árið 1890 og *Psychology: Briefer course*, sem var styttri útgáfa þeirrar fyrri, árið 1892. Bækurnar voru endurprentaðar reglulega áratugum saman og notaðar við kennslu (Hilgard, 1987). Árið 1896 barst James sá orðrómur til eyrna að honum hefði verið lýst sem sálfræðilegum páfa hins nýja heims (Hilgard, 1987, bls. 47).

Eftir því sem leið á feril James snéri hann sér í auknum mæli að þeirri fræðigrein sem hafði heillað hann frá unga aldri: heimspekinni. Það má segja að Gifford fyrirlestrarnir hafi markað þessi skil í ferli hans:

“William James, in the years following the publication of *Principles* (1890/1952), replaced his psychological interests with increasingly more religious and philosophical preoccupations. This shift is evident in his 1902 book *The Varieties of Religious Experience*, his various writings on pragmatism, and his forays into psychical research. Although his ideas were more sympathetic and even accepting, great psychologists may instead decide to grapple with deeper intellectual and spiritual issues in a more critical, even rejecting manner” (Simonton, 2002, bls. 277-278).

James virðist því hafa orðið enn víðsýnni í seinni tíð, en jafnframt leyft sér að fást við þau málefni sem hann hafði áhuga á.

James var ekki aðeins þekktur meðal sálfræðinga, heldur einnig meðal almennings (Hilgard, 1987). Eftir andlát hans árið 1910 skrifaði John Dewey meðal annars að hann hefði verið mesti sálfræðingur síns tíma og jafnvel nokkurs tíma. Þá var hann einnig kallaður frægasti bandaríski heimspekingurinn frá því Emerson var uppi og syrgður sem einn virtasti Bandaríkjamaður síns tíma (Myers, 1986).

THE VARIETIES OF RELIGIOUS EXPERIENCE

Fyrirlestraröð James um trúarupplifanir, sem hann flutti veturinn 1901-1902, var hluti af Gifford fyrirlestrunum, árlegum fyrirlestrum um trúarbrögð, sem haldnir voru í Edinborg. Fyrirlestar James voru vel sóttir og áheyrendum fjölgaði eftir því sem leið á fyrirlestaröðina. Gifford fyrirlestrar fyrri ára höfðu ekki verið jafn vel sóttir og má því segja að James hafi slegið í gegn (Vande Kemp, 2002). Fyrirlestrarnir voru gefnir út sem bók í júní árið 1902. Hún seldist vel og var endurprentuð í ágúst, október, nóvember og desember árið 1902 og aftur í janúar 1903. Þann janúarmánuð greindi James frá því í bréfi að 10.000 eintök hefðu þegar verið prentuð. Bókin hefur síðan verið endurprentuð og endurútgefin mörgum sinnum og í ýmsum útgáfum (Smith, 1985).

Við lestur bókarinnar verður augljóst að James skrifar fyrst og fremst frá kristnu sjónarhorni og til kristinna. Hann kynnir efni sitt eins og hann muni fjalla um trúarbrögð almennt og óháð stofnunum og hefðum, en raunin er sú að kristni er honum nærtækust. Hann nefnir nokkur dæmi frá mismunandi trúarbrögðum, svo sem búddhisma og hindúisma, auk þess sem hann tekur fyrir hreyfingar sem eru ekki beinlínis kristnar, en hafa flestar einhverskonar tengingu við kristni. Heildar umfjöllin litast af því að hafa sprottið upp úr kristnu umhverfi. Hér verður gefið yfirlit um fyrirlestra James.

FYRSTI FYRIRLESTUR: TRÚARBRÖGÐ OG TAUGAFRÆÐI

James hefur umfjöllun sína á því að skilgreina viðfangsefnið og nálgun sína. Hann skilgreinir trúarbrögð út frá einstaklingum en neitar að fást við trúarstofnanir eða

samfélög. Hann velur þess í stað að fjalla um trúarbrögð út frá upplifunum einstaklinga. James segist ætla að fást við trúarbrögð á existentialískan hátt, en útskýrir jafnframt að það segi ekkert um merkingu eða gildi viðfangsefninsins. Hann skýrir frá því að það sé hægt að fjalla um fyrirbæri á tvo vegu: annars vegar existentialískt (e. *existential judgement/ proposition*) en hins vegar merkingarfræðilega eða gildislega (e. *proposition of value/ spiritual judgement*). Fyrri aðferðin fjallar þá um eðli fyrirbærisins, uppbyggingu, uppruna þess og sögu. Síðari aðferðin fjallar hinsvegar um mikilvægi, virði, merkingu og gildi fyrirbærisins óháð rótum þess, því existentialískar staðreyndir einar sér séu ekki nægar til að segja til um virði fyrirbæris (James, 1902/1985, bls. 13, 14 o.fl.). Með þessu leggur James áherslu á að þó svo hann sé að lýsa trúarupplifunum með tilliti til uppruna og eðlis, þá sé hann ekki að gera lítið úr þeim eða að draga úr mikilvægi þeirra. Hann vill ekki að áheyrendur hans líti á umfjöllunina sem einhverskonar smættunar- eða útrýmingarhyggju.

Eftir að hafa lagt þennan grunn byrjar James á taugafræðilegri nálgun á trúarupplifanir. Margar trúarupplifanir, þá sérstaklega vitranir og opinberanir hafa taugafræðilegan grunn og mætti í sumum tilvikum kalla ofskynjanir. Margar trúarhetjur höfðu, samkvæmt útlistunum James, veikar taugar (e. *nervous instability*) og voru ekki alveg eins og fólk er flest (James, 1902/1985, bls. 22). James minnir samt sem áður á það að uppruninn, í þessu tilviki taugafræðilegur uppruni trúarupplifana, segi ekki til um gildið/virðið. Hann gagnrýnir svo kallaðar „ekkert nema“ skýringar, sem gera lítið úr andlegum upplifunum og eigna þær veikindum og taugafræðilegum vandamálum. Þessa tegund smættunarhyggju kallar hann „medical materialism“ eða læknisfræðilega efnishyggju (James, 1902/1985, bls. 19-22).

„Medical materialism seems indeed a good appellation for the too simple-minded system of thought we are considering. Medical materialism finishes up Saint Paul by calling his vision on the road to Damascus a discharging lesion of the occipital cortex, he being an epileptic. It snuffs out Saint Teresa as an hysteric, Saint Francis of Assisi as an hereditary degenerate. George Fox's discontent with the shams of his age, and his pining for spiritual veracity, it treats as a symptom of a disordered colon. [...] And medical materialism then thinks that the spiritual authority of all such personages is successfully undermined“ (James, 1902/1985, bls. 20).

James spyr hvernig bein lýsing staðreinda um geðheilbrigði (e. *facts of mental history*) geti sagt til um andlegt gildi þeirra. Hann bendir á það að lífeðlisfræðilegar skýringar liggi að baki öllum upplifunum og öllu hugarástandi. Þar af leiðandi væri alveg eins hægt að rannsaka taugafræði trúleysis. James leggur mikla áherslu á að þó svo umfjöllun hans sé existentialísk sé það ekki mælikvarði á gildi eða réttmæti heldur sé afraksturinn sú mælistika sem menn skuli notast við:

„In the end it had to come to our empiricist criterion: By their fruits ye shall know them, not by their roots (James, 1902/1985, bls. 25).“

Til gamans má geta að James fékk þessa mælistiku að láni frá Jesú (Matteusarguðspjall, 7. kafli), upphafsmanni einna stærstu trúarbragða heims. Það er hálf spaugilegt, þegar litið er til þess að James vildi alls ekki fást við trúarbrögð sem stofnun eða samfélag, heldur einungis út frá einstaklingum, en auðvitað voru trúarbrögð Jesú mjög persónuleg og trúarupplifanir hans fjöldamargar.

ANNAR FYRIRLESTUR: VIÐFANGSEFNIÐ SKILGREINT

James afmarkar efnið enn frekar í öðrum fyrirlestri sínum. Þar skilgreinir hann trúarbrögð á ný, en tekur einnig fram að menn gætu viljað kalla viðfangsefni hans einhverju öðru nafni, en það megi einu gilda.

„in our definition of religion we speak of the individual’s relation to “what he considers the divine,” we must interpret the term “divine” very broadly, as denoting any object that is *godlike*, whether it be a concrete deity or not“

(James, 1902/1985, bls. 36).

Til þess að uppfylla skilgreininguna þarf því að vera til staðar tenging við eitthvað sem einstaklingurinn álítur heilagt, en það getur verið nánast hvað sem er. James segir enn fremur:

„Religion, whatever it is, is a man’s total reaction upon life, so why not say that any total reaction upon life is a religion?“ (James, 1902/1985, bls. 36).

Þar með væru allar heildrænar lífsskoðanir, eða lífsstill fólks, orðin að trúarbrögðum, svo fremi sem einstaklingurinn tengi þær einhverju sem hann álítur heilagt. Það þarf

ekki að vera neinn guð til staðar til þess að skilgreiningu trúarbragða sé náð. Þannig getur t.d. búddismi uppfyllt skilgreininguna, en í búddisma er enginn guð. Skilgreiningin veldur þó nokkrum vandræðum því samkvæmt henni getur ákaft trúleysi flokkast sem trúarbrögð. Þar af leiðandi þarf að skilgreina efnið nánar:

„There must be something solemn, serious, and tender about any attitude which we denominate religious. If glad, it must not grin or snicker; if sad, it must not scream or curse. It is precisely as being *solemn* experiences that I wish to interest you in religious experiences. So I propose – arbitrarily again, if you please – to narrow our definition once more by saying that the word “divine,” as employed therein, shall mean for us not merely the primal and enveloping and real for that meaning if taken without restriction might prove too broad. The divine shall mean for us only such a primal reality as the individual feels impelled to respond to solemnly and gravely, and neither by a curse nor a jest“ (James, 1902/1985, bls. 39).

Skilgreiningin hefur því verið þrengd enn frekar, því alvarleiki þarf að fylgja tengingu við hið helga. Trúarbrögð eru því heildræn lífsskoðun, sem felur í sér alvarlegt og heilshugar svar við kalli þess heilaga.

James heldur því fram að til þess að læra sem mest um fyrirbæri eigi að setja það undir smásjá eða skoða það í sínu ýktasta formi. Þetta eigi við um trúarbrögð líkt og öll önnur fyrirbæri. Þess vegna beri að skoða dæmi (e. *cases*) þar sem trúarbragurinn (e. *the religious spirit*) er óumdeilanlegur og ýktur (e. *unmistakable and extreme*), en að það megi sneiða hjá óskýrari dæmum (James, 1902/1985, bls. 40).

James skilgreinir muninn á trúarbrögðum og siðferði (e. *morality*). Munurinn felst í því hvernig alheimurinn er samþykktur. Hinn trúaði gerir það með ákafa, gleði og ástríðu, en hinn siðprúði (e. *the moralist*) gerir það af skyldurækinni undirgefni. Þetta snýst því um viðhorf og afstöðu, hvort menn eru gerendur eða þolendur, virkir (e. *active*) eða óvirkir (e. *passive*) (James, 1902/1985, bls. 41-42). Hinn siðprúði samþykkir (e. *agrees to*), en hinn trúaði er samhuga (e. *agrees with*) ráðabrugginu (James, 1902/1985, bls. 43). Það er því eins og siðgæðið sé í stöðugu stríði og krefjist sjálfboðaliða og viljastyrks (e. *volition*), en trúarlífið sé afurð hástemmdari tilfinninga sem krefjast ekki nauðungar eða viljastyrks (James, 1902/1985, bls. 45). Trúarbrögð

gera því auðvelt og gleðilegt það sem án þeirra væri framkvæmt af nauðung (James, 1902/1985, bls. 49).

Samúð og samkennd í skrifum James eru áberandi hér líkt og annarstaðar. Hann er meðvitaður um veikleika mannsins og hverfuleika lífs og heilsu:

„The sanest and best of us are of one clay with lunatics and prison inmates, and death finally runs the robustest of us down“ (James, 1902/1985, bls. 46).

Þegar menn gera sér grein fyrir veikleika sínum á þennan hátt, segir James, kemur trúin til bjargar og snýr því sem áður var ógnvænlegt í eitthvað undursamlegt.

„In this state of mind, what we most dreaded has become the habituation of our safety, and the hour of our moral death has turned into our spiritual birthday. The time for tension in our soul is over, and that of happy relaxation, of calm deep breathing, of an eternal present, with no discordant future to be anxious about, has arrived. Fear is not held in abeyance as it is by mere morality, it is positively expunged and washed away“ (James, 1902/1985, bls. 46).

Þetta er hinn þversagnarkenndi sannleikur hins trúaða (eða ef til vill einungis hins endurfædda). Niðurstaðan um eðli trúarbragða er því þessi:

„If religion is to mean anything definite for us, it seems to me that we ought to take it as meaning this added dimension of emotion, this enthusiastic temper of espousal, in regions where morality strictly so called can at best but bow its head and acquiesce. It ought to mean nothing short of this new reach of freedom for us, with the struggle over, the keynote of the universe sounding in our ears, and everlasting possession spread before our eyes.“ (James, 1902/1985, bls. 46-47).

James segir slíka hamingju algera og eilífa og að hana sé hvergi að finna nema í trúarbrögðum.

ÞRIÐJI FYRIRLESTUR: RAUNVERULEIKI ÞESS ÓSÉÐA

Í þriðja fyrirlestrinum fjallar James um raunveruleika þess óséða. Trúarlífið, segir hann, einkennist af trúnni á að það sé ósýnilegt skipulag (e. *unseen order*) og að hið æðra

felist í að vera samhljóma því (James, 1902/1985, bls. 51). Sú trú og aðlögun séu trúarlegt viðhorf sálarinnar (e. *religious attitude of the soul*).

Í fyrirlestrinum fjallar James um það hvað sé raunverulegt: Samanstendur raunveruleikinn aðeins af því sem við getum skynjað með skynfærunum, eða er hægt að verða fyrir raunverulegri upplifun án skynfæranna? Hann segir sögur af fólki sem hefur upplifað einhverskonar andlega nærveru, eða nærveru einhvers andlegs sem því finnst vera raunverulegra en það sjálft, þó svo það skynji nærveru þess ekki með skynfærum sínum. Þetta er oft einhverskonar ofskynjunar- og/eða hugrofsástand. Á að taka mark á slíkum sögum? Þessar upplifanir verða raunveruleiki fólksins sem verður fyrir þeim.

„Such cases, taken along with others which would be too tedious for quotation, seem sufficiently to prove the existence in our mental machinery of a sense of present reality more diffused and general than that which our special senses yield“ (James, 1902/1985, bls. 58-59).

James veitir þessum upplifunum fólks og einlægninni að baki frásögnunum skilning og viðurkenningu og reynir ekki að gera lítið úr þeim. Hann gefur þó á sama tíma rými fyrir efasemdir áheyrenda.

„One may indeed be entirely without them; probably more than one of you here present is without them in any marked degree; but if you do have them, and have them at all strongly, the probability is that you cannot help regarding them as genuine perceptions of truth, as revelations of a kind of reality which no adverse argument, however unanswerable by you in words, can expel from your belief“ (James, 1902/1985, bls. 66).

FJÓRÐI OG FIMMTI FYRIRLESTUR: TRÚARBRÖGÐ HEILBRIGÐS HUGARFARS

Fyrirlestrar fjögur og fimm fjalla um trúarbrögð heilbrigðs hugarfars (e. *healthy mindedness*) og eru hafðir saman í einum kafla. James byrjar kaflann á því að varpa fram spurningunni hvert sé helsta markmið mannsins (e. *human life's chief concern*). Hann svarar að það sé hamingjan, að í því að ná henni, halda og endurheimta sé falinn tilgangur alla gjörða mannsins og þess sem hann er tilbúinn að þola (James, 1902/1985, bls. 71).

Hér nefnir James einnig hugtökin „once-born“ og „twice-born“, en það eru hugtök sem koma mikið við sögu síðar í bókinni (James, 1902/1985, bls. 74). Lýsing James á þeim sem aðeins fæðast einu sinni (e. *the once-born*) er lýsing á frekar barnalegum og einfeldingslegum einstaklingum, sem hvorki sjá, heyra, né segja nokkuð illt. Þetta eru einhverskonar bjartsýnisverur sem eru eins og andstæða hinna endurfæddu (e. *the twice-born*), sem eru svartsýnir og geta ekki annað en séð þjáningu og kvöl heimsins.

Helsta viðfangsefni kaflans er „mind-cure“ hreyfingin, eða „new thought“ hreyfingin, sem hér eftir verður vísað til sem huglækninga. Þetta virðast hafa verið nokkrar mismunandi hreyfingar sem þó voru nógu líkar (að mati James) til að vera settar undir sama hatt (sjá James, 1902/1985, bls. 83). Huglækningar eiga meðal annars rætur sínar að rekja til guðspjallanna, Emersonianisma, ídealisma Berkeley, spíritisma, og hindúisma (James, 1902/1985, bls. 83). Eitt aðaleinkenni huglækninga er trúin á að heilbrigt hugarfar, sem felst í hugrekki, von og trausti, hafi einhverskonar ofurmátt sem frelsi (e. *all-saving power*). Allur efi, ótti, áhyggjur og hverskonar kvíðatengt hugarástand eru að sama skapi fordæmd (James, 1902/1985, bls. 84).

Huglækningasinnar kvarta ekki og segja ekki neitt neikvætt upphátt, heldur tala þeir jákvætt. Ótti er illur í þeirra augum og helsti löstur mannsins. Þeir líta svo á að líkaminn sé aðeins dauðleg hugmynd, en að maðurinn sé hugur og hugur sé það eina sem sé til (James, 1902/1985, bls. 91). Ávextir þessarar hreyfingar, mælikvarðinn á virði hennar, eru ekki af verri endanum:

„The blind have been made to see, the halt to walk; lifelong invalids have had their health restored“ (James, 1902/1985, bls. 84).

Hreyfingin hafði einnig samfélagsleg áhrif og boðskapur hennar breiddist út vegna þeirra ávaxta sem hún bar.

James færir rök fyrir því að huglækningar séu fyrst og fremst trúarhreyfing (e. *religious movement*) og nefnir fjöldann allan af dæmum því til stuðnings. Hann ver þó nokkrum tíma í að bera saman og skilja á milli huglækninga og kristni (sem er líklega óþarfi fyrst hann ætlaði ekki að fást við stofnanir, heldur aðeins einstaklinga). Hann segir að þetta tvennt sé ekki það sama, þó svo að huglækningasinnar notist við kristin hugtök (e. *terminology*) og í þeim megi finna leifar af kristinni dulfræði/dulspeki (e.

mysticism) (James, 1902/1985, bls. 88). Helsti munurinn á hreyfingunni og boðskapi Krists er afstaðan til hins illa. Róttækasta viðhorf hugarlækningasinna gagnvart hinu illa er að hið illa sé einfaldlega lygi og að hver sá sem minnst á hana sé lygari (James, 1902/1985, bls. 93). Hið illa er hinsvegar raunverulegt afl í huga þess kristna. Nokkur af dæmunum sem James nefnir eru þó af kristnu fólki sem aðlagar hugmyndir huglækninga að sinni eigin trú. „Það er ekkert nema hugur“ verður þá að „það er ekkert nema Guð“. Huglækninasinnar trúa því að það sem þeir hugsa og trúa, sé raunveruleikinn. Hugsanir eru fyrir þeim hlutir („Thoughts are things“; James, 1902/1985, bls. 93). Til þess að öðlast heilbrigði þarf hinn sjúki aðeins að trúa því að hann sé heill.

„*God is well, and so are you.* You must awaken to the knowledge of your real being“ (James, 1902/1985, bls. 94).

James gefur sér nægan tíma til þess að fást við þessa trúarhreyfingu og segir margar sögur af henni, hann lætur jafnvel auka sögur fylgja með sem viðauka. Það stafar líklega af því að hann var sjálfur áhugasamur um huglækningar. James og Alice, konan hans, leituðu sjálf hjálpar huglækninga, lásu bækur og hittu huglækna í leit að lækningu við hjartavanda James (Myers, 1986).

James lokar kaflanum á umræðu um vísindi og trúarbrögð. Hann tengir huglækningar við hina vísindalegu aðferð. Áður en fólk tekur sinnaskiptum (e. *converts*) og snýr sér að huglækningum leggur það kenningar þeirra undir dóm reynslunnar, líkt og vísindamenn prófa tilgátur. Tilgáta er því prófuð auk þess sem reynt er að hafa áhrif á breytni. Þegar þetta ferli hefur sýnt fram á árangur huglækninga, snýst fólk til trúar á þær. Hann færir rök fyrir því að jafnvel þó þetta fólk sé með ranghugmyndir um árangurinn eða að það sé einungis fólk með ákveðna persónugerð sem getur náð slíkum árangri, virki þetta fyrir ákveðna einstaklinga. Hvers vegna ættu þeir einstaklingar þá að gefa upp trú sína (James, 1902/1985, bls. 104)? Hér kemur pragmatismi James í ljós, hugmyndin um að lífsskoðanir réttlætist af notagildi eða gagnsemi þeirra.

„What, in the end, are all our verifications but experiments that agree with more or less isolated systems of ideas (e. *conceptual system*) that our minds have framed? But why in the name of common sense need we assume that only one such system of ideas can be true?“ (James, 1902/1985, bls. 104).

Hann kynnir hugmyndina um það að fleiri en eitt kerfi hugmynda geti verið rétt, og að það séu margar leiðir til að túlka heiminn. Vísindi og trúarbrögð geti því verið jafn nothæfir lyklar til þess að opna fjársjóðskistu heimsins sem býr innra með manningum, og að þá megi nota jafn nytsamlega (James, 1902/1985, bls. 105). Hér skína pragmatismi og plúralismi James í gegn. Hann útilokar hvorki vísindi né trúarbrögð og dregur úr hvorugu þeirra, heldur kynnir þau sem jafngildar leiðir við að lifa lífinu og skilja heiminn. James lýkur kaflanum að því búnu, en heitir því að fara nánar í þessar hugleiðingar síðar.

SJÖTTI OG SJÖUNDI FYRIRLESTUR: HIN SJÚKA SÁL

Við upphaf sjötta fyrirlesturs er James enn að fást við trúarbrögð heilbrigðs hugarfars og virðist hrifinn af þeim. Hann segir þetta sjónarmið heilbrigðs hugarfars ganga út á að draga viljandi úr eða gera lítið úr hinu illa en að það sé til andstæða þess, sem einblíni á hið illa og hinar dökku hliðar lífsins. Þessir einstaklingar séu þjakaðir af návist hins illa og geti ekki bara afneitað tilvist þess líkt og huglækningasinnar gera. Á sama hátt og það eru til mismunandi stig af hinu heilbrigða hugarfari, eru til ólík stig bölsýni. Sumir sjá hið illa sem einhverskonar aðlögunarvanda (e. *maladjustment with things*) eða einhverja umhverfislega örðuleika. Slíka illsku sé hægt að lækna, í það minnsta fræðilega séð, með því að gera breytingar, annað hvort á sjálfum sér eða umhverfinu, þannig að það falli hvort að öðru (James, 1902/1985, bls. 114). Fyrir öðrum er hið illa róttækara og almennara, það er löstur eða eitthvað rangt í þeirra innsta eðli, sem verður ekki læknað með neinni aðlögun eða yfirborðslegum breytingum.

Þessi fyrri sýn er líkari því sem er að finna hjá latneskum þjóðum (samanber kaþólsku) en hin síðari er algengari hjá germönskum þjóðum (samanber lútersku). Þar er Syndin eintölu orð og með stórum staf, órjúfanlega hluti af okkur, samanber hugtakið erfðasynd (James, 1902/1985, bls. 114). Þessari síðari sýn á hið illa er róttækari og því velur James að taka hana frekar fyrir. Hann talar um þröskuld, sem sé vinsælt hugtak í sálfræðinni og að þeir hugarheilu (e. *the healthy-minded*) lifi fjarri þröskuldi vansældar en hinir hugsjúku og þunglyndu lifi hinumegin línunnar, í myrkri og vansæld. Það er eins og sumir hafi fæðst með ávísun upp á tvær kampavínsflöskur á meðan aðrir hafi fæðst við sársaukaþröskuldinn sem smávægilegir örðuleikar geti sópað þeim yfir (James, 1902/1985, bls. 115). Það hlýtur því að vera eðlilegt að þeir sem lifa öðru

megin við þröskuldinn þarfnist annarra trúarbragða en þeir sem eru hinumegin. Getur verið að ólíkar þarfir kalli þannig á ólíkar tegundir trúarbragða?

Hugmyndin um þröskuld kom upphaflega frá Herbart en var síðan betur lýst af Gustav Fechner (Hilgard, 1987). Gustav Fechner (1801-1887) hefur verið nefndur faðir sáleðlisfræðinnar (e. *psychophysics*). Hann hafði áhuga á sambandinu milli hugar og líkama og lagði grunninn að sálfræðilegum mælingum. Sáleðlisfræðin var hans leið til að mæla tengslin milli hugar og líkama. Hann setti fram lögmál, sem hefur verið kallað lögmál Fechners. Lögmálið gerir grein fyrir sambandinu milli áreitis og skynjunar (e. *stimulus and sensation*) og byggir á hugmynd (e. *principle*) sem fyrrum kennari hans, E. H. Weber setti fram (Helmut E. Adler, 1996). Hið ómeðvitaða er þá það skynáreiti sem ekki nær yfir þröskuld skynjunar. Það gæti til dæmis verið afar lágt hljóð, örlítið ljós eða snerting. Þegar áreitið hefur náð nægilegum styrkleika til þess að það sé skynjað, hefur það náð yfir þröskuld skynjunar. Áreitið er engu að síður til staðar, en það er utan meðvitundar. Þröskuldurinn greinir því á milli þess skynjaða og þess sem ekki verður skynjað.

James beinir því næst athyglinni að hugarheimi hinnar sjúku sálar. Grísk heimspeki, þar á meðal stóuspeki og epikúrismi, ber vott af örvæntingu og uppgjöf. Það er engin eftirvænting eða leit eftir æðri merkingu og hamingju. Á meðan hinn heilbrigði hugar hunsar tilvist hins illa, missir sá svartsýni og þunglyndi sjónar á öllu góðu (James, 1902/1985, bls. 122). Þetta getur orðið svokölluð *anhedonia*, sem er einhverskonar tilfinningarleysi – það að geta ekki haft gleði eða ánægju af neinu – það er líkt og lífið missi lit sinn, bragð og angan. Versta útgáfan felst þó í að finna til stöðugrar og nístandi angistar (e. *positive and active anguish*; James, 1902/1985, bls. 124), en henni getur meðal annars fylgt sjálfsuppgjöf, sjálfsefi, kvíði og ótti.

Rithöfundurinn Tolstoy er tekinn sem dæmi, en hann upplifði algert tilgangsleysi og í stað lífshvatar var komin dauðahvöt. Hann spurði sjálfan sig að því hvers vegna hann skildi lifa áfram, eða gera nokkuð. Það eina sem honum fannst hann geta vitað fyrir víst var að lífið væri fáránlega tilgangslaust (e. *the meaningless absurdity of life*, James, 1902/1985, bls. 130). Í þessu ástandi verður rof frá raunveruleikanum, tengslin við það sem er og það sem máli skiptir mást út og hverfa. (e. *absolute disenchantment with ordinary life*; James, 1902/1985, bls. 131). Þó svo fólk endurheimti lífshamingjuna fær það ekki til baka þá sömu fölskvalausu lífsgleði og það

bjó áður yfir. Vitundin um tilvist hins illa er nú föst í sessi, en það er ekki lengur jafn ógurlegt. Hið góða er hafið yfir hið illa og hefur gleypst það upp. Björgunin er honum þá eins og önnur fæðing, dýpri tegund meðvitundar en hann hafði áður (James, 1902/1985, bls. 131).

James segir að versta tegund þunglyndis (e. *melancholy*) sé felmtursótti (e. *panic fear*). Dæmisaga hans er frá „frönskum pennavini“ hans, en líkt og áður var nefnt hefur því verið haldið fram að sagan sé af honum sjálfum. Honum birtist sýn af manni sem hann hafði séð þegar hann var ungur. Maðurinn var mikið veikur á geði og í slæmu ástandi. „Pennavinurinn“ greinir frá því að hann hafi verið felmtri sleginn og að hann hafi séð sjálfan sig í manningum („that shape am I“; James, 1902/1985, bls. 134). Það sem hann sagði hafa bjargað sér var það að hann leitaði huggunnar í ritningartexta. Reynslan hafi því haft trúarlega merkingu. Eftir þessa sögu segir James ekki þörf fyrir fleiri dæmi, fyrri dæmi hafi nú þegar lýst þremur megin einkennum hinnar sjúku sálar: hégóma allra dauðlegra hluta, byrði syndar og ótta við alheiminn.

Ef hinn heilbrigði hugur og sá sjúki eru bornir saman, þá nær sá sjúki yfir meiri vídd upplifana og hefur ríkari reynslu. Hann hefur upplifað og séð meira af heiminum og getur því ekki hunsað alla tilvist hins illa. Að hunsa hið illa er ágætt svo langt sem það nær, en það gæti haldið manni frá því að öðlast dýpri þekkingu á sannleikanum. Sumar tegundir þjáningar geta verið hluti af leiðinni til þess æðra og góða. Önnur tegund illsku getur verið svo slæm að hunsun er eina gagnlega leiðin til að takast á við hana.

„The completest religions would therefore seem to be those in which the pessimistic elements are best developed“ (James, 1902/1985, bls. 137).

Slík trúarbrögð eru trúarbrögð endurlausnar, líkt og kristni og búddismi. Í þeim felst að maður verður að deyja einhverju til þess að geta endurfæðst.

ÁTTUNDI FYRIRLESTUR: HIÐ SKIPTA SJÁLF OG FERLI SAMEININGAR ÞESS

Í áttunda fyrirlestri fjallar James um hið skipta sjálf. Hið skipta sjálf á í stöðugri innri baráttu og glímir við innra ósamræmi. Baráttan getur verið af trúarlegum toga, dómur syndarinnar er gott dæmi um það og getur valdið fólki hugarangist. James tekur dæmi af konu sem var hugrökk og talaði djarflega þegar hún hélt ræður, en var huglaus og hrædd

í sínu persónulega lífi. Hann kallar þetta dæmi sakleysislegt en segir jafnframt að skiptingin geti orðið mun meiri og alvarlegri. Þessi skipting getur einnig orðið til þess að fólk skiptir stöðugt um skoðun og fer úr einu í annað. Líkt og áður hefur verið nefnt er James sjálfur þekktur fyrir að hafa skipt oft um skoðun og stefnur í lífinu. Hann þekkti þessa innri togstreitu vel og það er því líklegt að hann tali hér af eigin reynslu, þó svo hann segi það ekki með beinum orðum.

Hið skipta sjálf þráir að vera sameinað og að finna leiðina að hamingjunni. En það eru fleiri en ein leið til að ná þessari sameiningu. Trú er ein þessara leiða, en James leggur áherslu á að margar ólíkar leiðir geti leitt til sáttar. Önnur leið er viðsnúningur til heilbrigðs hugarfars, sem James tekur dæmi af í sögu af manni sem tileinkaði sér sjálfstjórn Japana, sem þeir öðlast með iðkun búddisma. Maðurinn komst að því að ef hann gat losnað við reiði og áhyggjur, þá væri líklega ekki nauðsynlegt að hafa þær og þar með var hann laus (James, 1902/1985, bls. 151). Fleiri neikvæðar geðshræringar fóru að hverfa með tilkomu þessa nýja hugarfars og hann upplifði sig frjálсан.

Tolstoy kemur aftur við sögu, en nú er fjallað um lausn hans, leið hans að hamingjunni. Eitthvað hafði haldið honum frá því að enda líf sitt, einhver lífsmeðvitund og eitthvað sem hann gat helst kallað þorsta eftir Guði. Sú hugmynd varð hvatinn að leið hans að bata. Hamingjan fólst í því að uppfylla grundvallarþarfir, að trú á Guð og vera einfaldur (James, 1902/1985, bls. 153).

„And again there arose in me, with this thought, glad aspirations towards life. Everything in me awoke and received a meaning.... Why do I look farther? a voice within me asked. He is there: he, without whom one cannot live. To acknowledge God and to live are one and the same thing. God is what life is. Well, then! live, seek God, and there will be no life without him...“ (James, 1902/1985, bls. 154).

Það má því segja að trúin hafi bjargað lífi Tolstoy, því að í kjölfar þessa hurfu sjálfsvígs hugleiðingar hans og hann endurheimti lífshvötina. James tekur einnig fyrir sögu Bunyan, sem er svipuð en bati hans hægari. Þessir tveir höfðu verið of langt leiddir inn í myrkrið til þess að geta síðar orðið „heilbrigðir hugar“. Sorgin átti enn stað í hjarta þeirra, þó svo hún hefði verið sigruð af trú þeirra. Þeir höfðu fundið eitthvað innra með sér sem gat borið sorgina ofurliði, eitthvað til að lifa fyrir. Þeir höfðu dáðið sínum gamla manni og lifðu nú sem ný sköpun. Sjálf þeirra hafði náð sameiningu á ný.

NÍUNDI FYRIRLESTUR: TRÚSKIPTI / SINNASKIPTI

Í níunda fyrirlestri fjallar James um fyrirbærið trúskipti (e. *conversion*), af þeim toga sem þekkist helst hjá kristnum mótmælendum.

„To be converted, to be regenerated, to receive grace, to experience religion, to gain an assurance, are so many phrases which denote the process, gradual or sudden, by which a self hitherto divided, and consciously wrong inferior and unhappy, becomes unified and consciously right superior and happy, in consequence of its firmer hold upon religious realities“ (James, 1902/1985, bls. 157).

Trúskipti eru það þegar eitthvað markmið (e. *aim*) tekur varanlega stað einhvers eldra markmiðs (James, 1902/1985, bls. 161).

„To say that a man is „converted“ means, in these terms, that religious ideas, previously peripheral in his consciousness, now take a central place, and that religious aims form the habitual centre of his energy“ (James, 1902/1985, bls. 162).

Samkvæmt rannsóknum Starbuck verða slík sinnaskipti oftast hjá ungu fólki (unglingum), sem hluti af andlegum þroska. Ekki taka allir slíkum sinnaskiptum og sumir hafa jafnvel ekki möguleika á því, vegna persónugerðar sinnar. Fólk getur ekki meðtekið hugmynd sem hefur ekkert gildi í huga þess. Maður sem er bugaður af byrði syndar sinnar getur ekki meðtekið hugmyndina um að hætta að hafa áhyggjur og að vera kátur. Það er fásinna í hans huga. Annað hvort verður gagnstæð tilfinning að ná að verða örvæntingunni og kvíðanum yfirsterkari eða þá bugunin þarf að vera alger, þannig að einstaklingurinn gefist upp á þeim.

TÍUNDI FYRIRLESTUR: TRÚSKIPTI-NIÐURLAG

Sú tegund trúskipta sem James tekur fyrst fyrir í tíunda fyrirlestri eru skyndilegur viðsnúningur á borð við sinnaskipti Páls postula. Trúskipti að þeirri fyrirmynd eru tíð hjá mótmælendum (e. *protestants*) og fylgja í kjölfar tilvistarkreppu (e. *acute crisis of self-despair*) sem er leyst með uppgjöf sem leiðir til frelsis (e. *surrender followed by relief*, James, 1902/1985, bls. 186). Prédikarinn John Wesley safnaði sögum af trúskiptum og komst að því að allir sem hann talaði við höfðu upplifað slík skyndileg

trúskipti. Breytingin hafði ekki orðið smám saman hjá neinum þeirra. Hann komst því að þeirri niðurstöðu að trúskipti yrðu alltaf með þeim hætti (James, 1902/1985, bls. 185-186). James fer yfir einkenni trúskipta, sem eru áhyggjuleysi, að skynja sannleika sem var áður óþekktur og að heimurinn virðist oft breytast og verða fallegrí (James, 1902/1985, bls. 201). Þessi tegund trúskipta tíðkast ekki í öllum trúarbrögðum og ekki í öllum kristnum hópum. James talar um að það sé ákveðin tegund fólks sem sé líklegri til þess að upplifa hröð trúskipti. Hinar sjúku sálir eru líklegri en heilbrigðir hugar til þess að breytast með þessum hætti og taka svona skyndilegum sinnaskiptum. Ef það er ekkert myrkur og engin kvöl, verður ekki jafn mikil breyting við að upplifa skyndilega létti og gleði. Burt séð frá því minnir James á að virði fyrirbæra ákvarðast ekki af uppruna þeirra heldur af ávöxtunum. Hröð umbreyting er ekki ávísun á betri ávexti en fylgja í kjölfar hægari breytinga. Ef trúskipti gefa af sér góða ávexti, eru þau jákvæð. Það dregur heldur ekki úr gildi þeirra þó svo menn skipti síðar um skoðun eða breytist aftur. Hann líkir því við ástina, hún varir ekki alltaf að eilífu, en við afneitum henni ekki af þeim sökum. Hann heldur því samt fram að almennt séð virðist trúskipti vera varanleg og að það auki virði þeirra.

ELLEFTI, TÓLFTI OG ÞRETTÁNDI FYRIRLESTUR: HELGUN/HEILAGLEIKI

Í ellefta, tólfta og þrettánda fyrirlestri fjallar James um helgun eða heilagleika (e. *saintliness*).

„The collective name for the ripe fruits of religion in a character is Saintliness. The saintly character is the character for which spiritual emotions are the habitual centre of the personal energy; and there is a certain composite photograph of universal saintliness, the same in all religions, of which the features can easily be traced“ (James, 1902/1985, bls. 219).

Helstu þættir helgunar eru: tilfinningin að vera hluti af stærra samhengi og sannfæring um tilvist æðra afls (e. *Ideal Power*), sú tilfinning að vera framlenging á þessu afli og það að gefa sig af fúsum og frjálsum vilja undir það; frelsistilfinning sem verður til þess að takmarkanir sjálfins hverfa og að það verður viðsnúningur til kærleika og samhljóms (James, 1902/1985, bls. 220).

Þeir sem hafa helgað sig lifa ekki lengur fyrir sig sjálfa, heldur fyrir Guð, eða hið æðra. Þeir láta ekki stjórnast af hvötum og girndum, heldur gefa slíkt upp, til þess að þjóna æðri tilgangi. Fólk sem þrífst best í mótlæti er líklegra en fólk sem þrífst best í lygnum sjó til þess að tileinka sér slíka afneitun og sjálfsaga þegar þeir snúast til trúar. Þeir virkja þörfina fyrir að hafa fyrir hlutunum, snúa henni í sjálfsaga og neita sér um hvatvísi (James, 1902/1985, bls. 241). Alger uppgjöf (e. *complete self-surrender*) og traust á Guð er megin inntak þessarar helgunar. Allt er gefið upp á bátinn, öllu sleppt, það er ekkert öryggisnet, bara traust á að Guð muni vel fyrir sjá. Ýktari tegund slíks sjálfsaga og ósérhlífni getur orðið að sjálfspíningarhvöt sem getur verið sjúkleg (e. *pathological*). Þessum sjálfspíningum er ætlað að hreinsa fólk af synd og upphefja Guð.

FJÓRTÁNDI OG FIMMTÁNDI FYRIRLESTUR: VIRÐI HELGUNAR

Í fjórtánda og fimmtánda fyrirlestri heldur James áfram að fást við helgun, en nú með tilliti til þess hvers virði hún sé. Við höfum ekki öll hugsunarhátt dýrlinga, en tilvist þeirra gefur okkur eitthvað æðra til að stefna að og gefur okkur von um að það sé miskunnsemi í heiminum. Heilagleiki þeirra vegur upp á móti harðneskju heimsins.

„Our question [...] is as to whether religion stands approved by its fruits, as these are exhibited in the saintly type of character“ (James, 1902/1985, bls. 294).

James ræðir aðeins um það hvernig eigi að meta virði helgunar en ákveður á endanum að hana skuli meta út frá „veraldlegum“ ávöxtum hennar, en ekki út frá því hvaða merkingu hún hefur ef trú viðkomandi reynist sönn og rétt í hinu stærra andlega samhengi. Hann tekur jafnframt fram að það að leggja þessa mælistiku á helgun geti valdið vandræðum (James, 1902/1985, bls. 300).

SEXTÁNDI OG SAUTJÁNDI FYRIRLESTUR: DULHYGGJA

James tekur dulhyggju fyrir í sextánda og sautjanda fyrirlestri. Hann segir fernt einkenna dulrænar upplifanir (e. *mystical experience*): þær séu ólýsanlegar, fólki líði eins og það fái innsýn í einhvern dýpri sannleika, þær vari aðeins í stutta stund og þær séu passívar, að því leyti að einstaklingurinn hefur ekki stjórn á upplifuninni heldur verður fyrir henni. Sum dæmanna sem James tekur í kaflanum eru af þjökuðu fólki og bera augljóslega merki sjúkleika. Önnur dæmi eru hversdagslegri. Dulrænar upplifanir

tilheyra ekki neinni einni tegund trúarbragða, og tilheyra ekki bara trúarbrögðum. Það er til kristin dulspeki, en einnig er dulspeki í til dæmis jóga, búddisma og súfisma. Dulhyggjan er alls ekki bundin við neina eina hreyfingu eða lífsskoðun. Dulrænar upplifanir eru andlegar og fólki finnst það upplifa eitthvað yfirnáttúrulegt.

„The fact is that the mystical feeling of enlargement, union, and emancipation has no specific intellectual content whatever of its own. It is capable of forming matrimonial alliances with material furnished by the most diverse philosophies and theologies, provided only they can find a place in their framework for its peculiar emotional mood. We have no right, therefore, to invoke its prestige as distinctively in favor of any special belief, such as that in absolute idealism, or in the absolute monistic identity, or in the absolute goodness, of the world“ (James, 1902/1985, bls. 337).

ÁTJÁNDI FYRIRLESTUR: HEIMSPEKI

James færir sig í átjándu fyrirlestri yfir í umfjöllun um heimspeki trúarbragða. Heimspekileg umfjöllun trúarbragða (eða guðfræði) er háð upplifunum og trúarlegum tilfinningum. Þær eru umfjöllunarefni hennar. Heimspekin er því að vissu leyti fjarlæg eða aðskilin trúarbrögðum. Sumir telja að viðfangsefni guðfræðinnar eigi að vera hlutlæg, að guðfræði sé vísindagrein sem fjallar um eðli Guðs á hlutlægan og almennan (e. *universal*) hátt. Slík umfjöllun er ekki líkleg til að sannfæra trúlausa, þó svo hún sannfæri þá sem þegar eru trúaðir.

Í þessum fyrirlestri kynnir James pragmatisma, sem bandaríski heimspekingurinn Charles Sanders Pierce setti fram. James var sjálfur pragmatisti, þó svo hann hafi teygt hugtakið lengra en Pierce hefði viljað.

„Beliefs, in short, are rules for action; and the whole function of thinking is but one step in the production of active habits. If there were any part of a thought that made no difference in the thought’s practical consequences, then that part would be no proper element of the thought’s significance. To develop a thought’s meaning we need therefore only determine what conduct it is fitted to produce; that conduct is for us its sole significance; and the tangible fact at the root of all

our thought-distinctions is that there is no one of them so fine as to consist in anything but a possible difference of practice“ (James, 1902/1985, bls. 351).

Heimspeki getur verið gagnleg, ef hún fer frá því að vera guðfræði og til þess að verða að trúarbragðavísindum (James, 1902/1985, bls. 359). Engu að síður þarf hún að byggja á reynslu, upplifunum. Án trúarlegra upplifanna er engin heimspekileg umfjöllun um þær.

NÍTJÁNDI FYRIRLESTUR: ÖNNUR EINKENNI

Í næst síðasta fyrirlestrinum byrjar James að taka efnið saman og undirbúa niðurlagið. Hann er kominn aftur að því sem hann byrjaði á, sannleikurinn snýst um notagildi, bæði notagildi trúarbragða fyrir einstaklinginn og notagildi einstaklingsins í heiminum (James, 1902/1985, bls. 361). Það sem virkar og nýtist er satt. Sannleiksgildi ákvarðast af notagildi.

Fólk sem er mjög andlegt er óvenjulega opið fyrir upplifunum sem tengjast ekki venjulegri skynjun, til dæmis ómeðvituðum ferlum, dáleiðslu og öðru slíku. Þetta eru oft hrifnæmir einstaklingar (James, 1902/1985, bls. 381). Flestir trúarleiðtogar hafa verið af þessari persónugerð. Þeir hafa verið næmir, orðið fyrir óútskýranlegum upplifunum og hafa haft tilhneigingar sem mætti kalla sjúklegar (e. *pathological*) eða segja að bentu til geðrænna vandamála (James, 1902/1985, bls. 376-377). En eins og James benti oft á í fyrirlestrum sínum þá skiptir tilurð ekki megin máli þegar virði er ákvarðað, heldur ber að líta á ávöxtinn.

TUTTUGASTI FYRIRLESTUR: NIÐURSTÖÐUR

Í tuttugasta fyrirlestrinum, sem er jafnframt sá síðasti, setur James fram niðurstöður fyrirlestraraðarinnar. Hann segir eftirfarandi skoðanir (e. *beliefs*) einkenna trúarlífið (e. *the religious life*):

1. Hinn sýnilegi heimur er aðeins hluti hins andlega alheims og fær merkingu sína frá honum.
2. Sameining eða samhljóma tenging við hinn æðri alheim er okkar sanni endir.

3. Bæn eða innri samskipti við anda, hvort sem það er guð eða lögmál, er ferli sem krefst vinnu, andleg orka flæðir inn og hefur áhrif.
4. Trúarbrögð eru eins og gjöf sem gefur lífinu aukið gildi.
5. Sannfæring um öryggi og friðsamleg skaplund og kærleikur (James, 1902/1985, bls. 382-383).

James ver ákvörðun sína um að taka ýkt dæmi til þess að færa rök fyrir máli sínu í fyrirlestrum sínum. Hann setur málið fram þannig að þeir sem séu ýktastir séu frekar sérfræðingar um upplifunina og því beri að leita til þeirra þrátt fyrir að þeir geti verið sérkennilegir.

James segir að það sé tvennt sem einkenni öll trúarbrögð: ójafnvægi (e. *uneasiness*) og lausn (e. *solution*). Í þeim felst að það sé eitthvað „meira“ og að það sé hægt að tengjast/sameinast því. Hann segir að það skipti hins vegar ekki máli hvað þetta „meira“ sé kallað. Jafnframt væri hægt að setta þessa hugmynd um eitthvað „meira“ við sálfræðina, þar sem við værum öll meira en við gætum tjáð eða áttað okkur á. Við erum ekki fyllilega meðvituð um allt sem okkur tilheyrir, alla hugarferla og þess háttar. Þetta er hið ómeðvitaða. James telur að það sé best að nálgast trúarbrögð á pragmatískan hátt, það skipti ekki máli hvort það sé til einhver einn æðri Sannleikur með stóru essi. Það sem máli skipti sé að trúin sem einstaklingurinn tileinkar sér hafi notagildi fyrir hann. Hún auðgar og dýpkar líf hans, þannig að það verður ríkara en hið fyrra efnislega líf (James, 1902/1985, bls. 408).

“I believe the pragmatic way of taking religion to be the deeper way. It gives it body as well as soul, it makes it claim, as everything real must claim, some characteristic realm of fact as its very own“ (James, 1902/1985, bls. 408).

UMFJÖLLUN OG GAGNRÝNI Á VARIETIES

Þó svo að *The Varieties of Religious Experience* hafi almennt séð fengið góðar viðtökur, hefur bókin verið gagnrýnd af nokkrum mismunandi ástæðum. John E. Smith greinir frá helstu atriðum þessarar gagnrýni í inngangi sínum að Harvard útgáfu fyrirlestranna (1985). Í fyrsta lagi hefur hún verið gagnrýnd fyrir það hversu mikil áhersla er lögð á ýkt og öfgafull dæmi. Sumir telja að slík umfjöllun sýni trúarupplifanir sem undarlegar og jafnvel afbrigðilegar, en hunsu venjulegri trúarupplifanir, sem séu algengari (Smith, 1985, bls. xviii).

Önnur gagnrýni snýr að áherslu James á bandaríska mótmælendatrú. Þessi áhersla birtist meðal annars í umfjöllun hans um trúskipti (Smith, 1985, bls. xviii). Það urðu trúarvakningar víðsvegar í Norður-Ameríku um aldamótin 1900, sérstaklega meðal evangelískra mótmælenda (Evangelical Protestantism). Evangelíkar lögðu áherslu á „endurfæðingu“ (e. *'born-again' experience*). James greinir í Gifford fyrirlestrum sínum milli þeirra sem eru fæddir einu sinni (e. *once-born*) og þeirra sem eru endurfæddir (e. *twice-born*). Þeir sem eru aðeins fæddir einu sinni hafa alist upp við trú og smátt og smátt gert hana að sinni eigin, mótbáru- og vandræðalaust. Það er hinsvegar þyngra yfir hinum endurfæddu (e. *malancholy temperaments*) og þeir neyðast til þess að sætta sig við eða átta sig skyndilega á trú sinni í kjölfar andlegrar kreppu. Norður-amerískir sálfræðingar voru hugfangnir af þessu fyrirbæri, sem tilheyrði einkum þeim sem voru mótmælendatrúar og þessi umbreyting (e. *conversion*) varð aðal viðfangsefni hinnar ungu trúarlífssálfræði (Hood, Hill og Spilka, 2009, bls. 207). James notaði tvo fyrirlestra til þess að fjalla um umbreytinguna (fyrirlestrar níu og tíu). Hann byggði fyrirlestrana að miklu leyti á rannsóknum samtímamanna sinna, þá helst Edwin Starbuck og James H. Leuba. Það voru ekki allir sáttir með þessa áherslu á skyndilega umbreytingu. Pratt (1920), sem var nemandi James við Harvard, einblíndi á þá sem höfðu breyst smám saman, höfðu ekki eins dramatíska upplifun, þörfnuðust vitsmunalegrar leitar (e. *intellectual seeking*), og álitid var að væru frekar einkennandi fyrir (e. *more genuinely characteristic*) andlegar umbreytingar, bæði innan kristni og annarra trúarhefða (e. *religious traditions*).

Trúskiptum hefur oft verið lýst sem róttækri umbreytingu á sjálfri, án þess að þau séu nánar skilgreind. Cutten (1908), Pratt (1920) og fleiri hafa bent á að þessar skilgreiningar byggjast að miklu leyti á skilningi mótmælenda (e. *Protestant*) á umbreytingu Sáls (Páls) á leið sinni til Damaskus, sem dæmigerðri umbreytingu (Hood, Hill og Spilka, 2009, bls. 209).

Skilgreining James á hinum endurfæddu hefur verið gagnrýnd, þar sem hann gerir ráð fyrir að „endurfæðingin“ sé nokkuð hratt og afmarkað ferli. Aðrir fræðimenn hafa viljað víkka skilgreininguna út og telja fleiri í flokk hinna endurfæddu. Endurfæðing geti þá líka verið hæg breyting sem gerist smátt og smátt, hún þurfi ekki að verða út frá sálarangist. Slík breyting ætti samkvæmt þessum mönnum líka að flokkast sem endurfæðing (e. *conversion*).

Ofuráhersla James á trúarbrögð einstaklingsins hefur einnig verið gagnrýnd. Flest dæmanna sem hann tekur í bókinni eru af fólki sem tilheyrði trúarhópi og oft skipulögðum trúarbrögðum, sem James neitar samt sem áður að fjalla um. James gerir ekki greinarmun á samfélagi trúaðra og skipulögðum trúarbrögðum, en setur þau saman í flokk sem hann lýsir sem andstæðu upplifana einstaklinga (Smith, 1985, bls. xix). Að auki hefur bókin verið gagnrýnd fyrir pragmatisma og að hampa persónlegu mati á kostnað rökstudds málflutnings (Smith, 1985, bls. xix).

Að lokum hefur vísun James í undirmeðvitund, eða hið ómeðvitaða, verið gagnrýnd. Þessi vísun hans hefur valdið nokkrum ruglingi, þar sem menn hafa lagt ólíka merkingu í orð hans. James hafði áður fjallað um hið ómeðvitaða í stórvirki sínu *The principles of psychology* (1890). Sú undirmeðvitund (e. *subliminal self*) sem James vísar í með skrifum sínum byggir á hugmynd frá breska fræðimanninum og upphafsmanni sálarrannsóknarfélagsins (*The Society for Psychical Research*), Frederic W. H. Myers (Smith, 1985/1902, bls. xxii). Myers (1843-1901) setti fram hugmyndina um undirmeðvitund í bók sinni *Human personality & its survival of bodily death* (Myers, 1903/1927). Þessi undirmeðvitund samanstendur af því sem er fyrir neðan þröskuld þess meðvitaða. Eins og áður hefur komið fram var hugmyndin um þröskuld vinsæl í sálfræðikenningum á þessum tíma. Myers lýsti hugmynd sinni með eftirfarandi hætti:

„The idea of a *threshold* (*limen*, *Schwelle*), of consciousness; - of a level above which sensation or thought must rise before it can enter into our conscious life; - is a simple and familiar one. The word *subliminal*, - meaning “beneath that threshold,” – has already been used to define those sensations which are too feeble to be individually recognised. I propose to extend the meaning of the term, so as to make it cover *all* that takes place beneath the ordinary threshold, or say, if preferred, outside the ordinary margin of consciousness; - not only those faint stimulations whose very faintness keeps them submerged, but much else which psychology as yet scarcely recognises; sensations, thoughts, emotions, which may be strong, definite, and independent, but which, by the original constitution of our being, seldom emerge into that *supraliminal* current of consciousness which we habitually identify with *ourselves*“ (Myers, 1903/1927, bls. 14-15).

James byggði á þessari hugmynd um hið ómeðvitaða og í hans huga var undirmeðvitundin (e. *subliminal self*) aðeins ein birtingarmynd meðvitundar en ekki

einhverskonar óvitund (*e. unconscious*), annað sjálf eða eitthvað sér fyrirbæri (Smith, 1985, bls. xxii). Hann átti því ekki við að það væri til einhverskonar annað sjálf eða undirmeðvitund á borð við þá sem Freud og aðrir sálgreiningarmenn lýstu.

Loks má geta þess að Guðmundur Finnbogason gerði úttekt á verki James í tímaritinu Skírni árið 1905. Guðmundur „ann honum [James] hugástum“ (bls. 311) eins og hann tekur sjálfur fram í upphafi greinar sinnar og það er því ekki að undra þó Guðmundur lýsi innihaldi bókarinnar nokkurn veginn gagnrýnislaust.

Guðmundur skrifar til kristinna manna líkt og James, í þeim skilningi að þeir hafa alist upp í samfélagi sem hefur kristin gildi í hávegum og þekkja orð Biblíunnar. Það er líklega þess vegna sem Guðmundur sleppir því að geta heimilda þegar hann vitnar í orð hinnar helgu bókar. Íslenskt samfélag hefur breyst töluvert á þessari öld sem nú er liðin frá því að greinin var rituð. Nútíma lesandi þarf að hafa þó nokkra bakgrunnsþekkingu til þess að ná góðum skilningi á tilvísunum Guðmundar. Þar fyrir utan notar Guðmundur nokkuð langar tilvitnarnir úr texta James, en getur þess ekki með tilvísunum hvaðan tilvitnanirnar koma.

Stílar Guðmundar og James eru ólíkir þeim sem nú eru allsráðandi í sálfræðiritum. Þeir eru frjálslegri, ljóðrænni og ef til vill heimspekilegri en nú tíðkast. Það má vel vera að þeir hafi haft betri tækni á þeirri tungu sem þeir rituðu en almennur fræðimaður nútímans.

SAGA TRÚARLÍFSSÁLFRÆÐI

Trúarlíf var í upphafi eitt af viðfangsefnum sálfræðinnar. Bókin *The psychology of religion* eftir Starbuck kom út árið 1899 og stuttu seinna var Gifford fyrirlestarröð William James gefin út undir nafninu *The varieties of religious experience* (1902). Þess má einnig geta að eitt af fyrstu útgefnum sálfræðitímaritunum kallaðist *The American Journal of Religious Psychology and Education* (Santrock, 2005). Umfjöllunin var upphaflega nokkuð heimspekileg og guðfræðileg. Það varð hins vegar lægð í umfjöllun um trúarlíf innan sálfræðinnar frá þriðja áratug tuttugustu aldar, fram á þann sjöunda (Emmons og Paloutzian, 2003). Sálfræðin var þá að vinna sér sess sem empirísk

vísindagrein um leið og hún skildi sig frá heimspeki og hugvísindum. Því er ekki að undra að viðfangsefni eins og trúarlíf hafi ekki verið ofarlega á vinsældarlistanum.

Trúarlífssálfræði varð ekki sérstaklega skilgreind grein innan sálfræðinnar fyrr en á áttunda áratug tuttugustu aldarinnar. Upp frá því fóru vinsældir hennar að aukast á ný, en nálgunin breyttist frá því að vera heimspekileg og varð þess í stað empirísk (í takt við stefnubreytingar innan almennrar sálfræði). Árið 1976 var formlega stofnuð deild innan sálfræðingafélags Bandaríkjanna (APA), sem notaði sálfræðilega nálgun við trúarleg málefni. Upphaf hennar má rekja til samtakanna *The American Catholic Psychological Association* sem voru stofnuð árið 1949. Samtökin fengu nýtt nafn árið 1970 og voru þá kölluð *Psychologists Interested in Religious Issues*. Þessi samtök fengu síðan inngöngu í APA árið 1976 og urðu að 36. deild (e. *Division 36*), sem fékk enn eitt nafnið árið 1993 – *Psychology of Religion* og heitir nú, frá árinu 2012 *The Society for the Psychology of Religion and Spirituality*. Þessar nafnabreytingar og tilfærslur deildarinnar endurspeglar þær stefnubreytingar sem hafa orðið á trúarlífssálfræðinni (Piedmont, 2013).

Vísindi og trúarbrögð eru oft talin andstæð og að það sé því ekki hægt eða ætti ekki að nota annað til þess að rannsaka hitt. Trúað fólk óttast ef til vill smættunarhyggju vísindanna, eða einhverskonar afhelgun; að þau muni gera lítið úr trú/trúarbrögðum og reyna að skýra þau í burtu. Margir vísindamenn líta einnig á það sem svo að vísindi og trú fari ekki saman og séu jafnvel í mótstöðu hvort við annað. Þetta á ekki síst við um sálfræðinga. Á upphafsárum sálfræðinnar var barist fyrir að hún væri tekin alvarlega sem vísindagrein, en ekki sem einhverjum gervivísindum eða frumspekilegum vangaveltum. Það er ef til vill þess vegna sem margir sálfræðingar hafa viljað forðast trú og trúarbrögð sem viðfangsefni, þó svo að það séu einmitt há-sálfræðileg fyrirbæri.

William James var ekki hræddur við að nota vísindi til þess að fást við trúarupplifanir. Hann fetaði sinn eigin veg að þessu leyti, eins og svo oft áður. Kannski var það vegna þess að hann hafði óhefðbundna og víðfeðma þjálfun. Hann sá trú og vísindi ekki sem ósamrýmanlegar andstæður, heldur vildi hann byggja brú milli þeirra, vera einskonar sáttasemjari. Hann var vel til þess fallinn, þar sem hann hafði kynni af ýmsu en var ekki jafnbundinn því og margur. Hann hafði samúð og nálgadist

viðfangsefni sín af virðingu, en stóð á sama tíma utan við þau (alla vega með annan fótinn).

James var ekki laus við smættunarhyggju (e. *reductionism*), þó það megi segja að hann hafi verið minni smættunarhyggju maður en margir aðrir vísindamenn sem fjölluðu um trúarbrögð (t.d. Freud sem vildi skýra þau í burtu). Smættunarhyggja hans fólst í því að trúarskoðanir (e. *religious beliefs*) voru smættaðar í pragmatískt gildi þeirra (e. *reduced to their pragmatic value*; Hood, Hill og Spilka, 2009, bls. 23).

James var frumkvöðull í trúarlífssálfræði, hann var einn af þeim fyrstu sem fengust við trúarlíf á sálfræðilegan hátt (Hood, Hill og Spilka, 2009, bls. 23). Bók hans *The varieties of religious experience* er enn lesin og notuð sem kennsluefni í trúarlífssálfræði. Sum viðfangsefnanna sem hann fékkst við þar eru enn í dag til umfjöllunar. Dæmi um slík viðfangsefni eru eðli trúarbragða, gagnsemi og skaðsemi trúarbragða, það hvenær trúarskipti (e. *conversion*) eru líkleg til að eiga sér stað og hlutverk geðhrifa (e. *emotions*) í trúarupplifunum (Hood, Hill og Spilka, 2009, bls 22).

VARIETIES OG NÚTÍMA SÁLFRÆÐI

Inngangsbækur að sálfræði kynna nemendur og aðra áhugasama fyrir helstu straumum og stefnum sálfræðinnar, sögu hennar og aðferðum innan hennar. Þessar bækur nefna jafnan William James og framlag hans til sálfræðinnar: funksjónalismann, James-Lange kenninguna og mikilvægi hans í sögu sálfræðinnar, ekki síst í sögu hinnar bandarísku sálfræði. *The principles of psychology* er nefnd sem grundvallarrit í sögu sálfræðinnar. Hann er einnig nefndur í tengslum við minnið og meðvitund (sjá m.a. Nolen-Hoeksema, Fredrickson, Loftus og Wagenaar, 2009; Passer, Smith, Holt, Bremner, Sutherland og Vliek, 2009; Aldís U. Guðmundsdóttir og Jörgen L. Pind, 2003). Í íslenskri kennslubók í sálfræði frá árinu 1973 hefur Sigurjón Björnsson þetta að segja um James:

„Sálarfræði hans byggðist mjög á líffræðilegum skilningi á manningum og hann skoðaði sálarfræðina sem náttúruvísindi. Athugun á einstaklingnum og vandamálum hans var honum ofarlega í huga og með því ruddi hann braut rannsóknum á persónuleika mannsins og þeirri grein, sem síðar hlaut nafnið klínísk sálarfræði“ (bls. 34).

Íslenskur sálfræðinemi nútímans fær að heyra af William James og framlagi hans til sálfræðinnar. Þá ber helst að nefna James-Lange kenninguna um geðshræringar og hið mikla ritverk hans *The principles of psychology*. Ef til vill heyrir hann minnst á *The varieties of religious experience* í upptalningu af helstu verkum James, en það er hinsvegar ekki líklegt að neminn kynnist þessu verki eða heyri um það fjallað, nema hann sækist sérstaklega eftir því. Þó svo að innan APA sé sérstök deild fyrir trúarlífssálfræði er hún ekki til umfjöllunar í almennu sálfræðinámi og er ekki kynnt í flestum inngangsbókum að sálfræði (sjöunda útgáfa *Psychology* eftir John W. Santrock (2005) er þó dæmi um inngangsbók með sér kafla um trúarlífssálfræði). Trú og trúarlíf virðist ekki vera mikið til umræðu innan sálfræðideildar Háskóla Íslands. Líklega er því svo farið í sálfræðideildum víða um heim. Hinsvegar er kennt námskeið í trúarlífssfélags- og sálarfræði við guðfræðideild Háskóla Íslands (sjá kennsluskrá Háskóla Íslands 2013-2014). Áherslan innan sálfræðideildar virðist vera á vísindalegri aðferð og á að fjalla um viðfangsefni á magnbundinn hátt. Það eru svo mörg vafamál og svo margt óskýrt þegar það á að fjalla um manninn að ef til vill er best að reyna að einfalda efnið og fjalla um tölur og hegðun og það sem við getum séð og skilið. Viðfangsefni sem eru illskiljanleg og erfitt að skilgreina eru ef til vill of flókin. Ef til vill óttast sálfræðingar að séu andleg málefni tekin fyrir verði sálfræðin ranglega álitin einhverskonar kukl, gervivísindi eða guðspeki.

En trú og trúarlíf er eitthvað sem hefur fylgt mannum gegnum tíðina og er hluti af sálarlífi fólks. Fyrir sumum er trúin grundallaratriði, sem það byggir líf sitt á. Trúskipti á borð við þau sem James fjallaði um og eru í anda Páls vitjunarinnar tíðkast í vissum trúarhópum hérlendis og geta þau haft viðtæk áhrif á líf fólks. Íslendingar hafa í gegnum tíðina verið nokkuð hjátrúarfullir og trú á drauga, álfa og fleira slíkt er ekki óalgeng hérlendis. Andleg iðkun á borð við jóga og ýmiskonar hugleiðslu er vinsæl meðal almennings og hefur einnig verið notuð innan klínískrar sálfræði. Þar ber helst að nefna notkun „mindfulness“ hugleiðslu sem er vinsæl hjá klínískum sálfræðingum um þessar mundir. Það hefur ekki borið mikið á andlegum og trúarlegum viðfangsenum í akademískri nútíma sálfræði. Það er ef til vill helst innan klínískrar sálfræði sem slík málefni eru tekin fyrir. Jákvæð sálfræði, sem er vinsæl (ef til vill helst meðal leikmanna) um þessar mundir, er mögulega það næsta sem sálfræðinemi nútímans kemst trúarlífssálfræði. Jákvæð sálfræði er ekki kennd sem námskeið við Háskóla

Íslands, en nemendur geta þó komist í snertingu við hana, meðal annars í gegnum fjölmiðla.

Það virðist vera það viðhorf (í það minnsta hjá sumum) innan sálfræðinnar, og þá sérlega hjá „atferlissinum“, að sálfræði og trú fari ekki saman. Höfundur heyrði til dæmis einn (aðstoðar)kennara segja í tíma að þeir sem væru trúaðir eða trúðu á frjálstan vilja myndu ekki vera það áfram við enda námsins. En það er ekki svo. Vísindi og trú geta farið saman. Þekking er líkleg til að breyta eðli trúarviðhorfa, líkt og eðli annarra viðhorfa. Það þýðir ekki að hún eyði þeim. *The varieties of religious experience* markaði tímamót hjá William James, því um og eftir fyrirlestrana snéri hann sér í auknum mæli heimspeki og trúarlegum hugleiðingum. Það var eftir að hann hafði skrifað og kennt sálfræði árum saman. Hann átti vissulega í erfiðleikum með sína eigin trú og var ef til vill ekki sérlega trúaður, en hann hafði áhuga á trú og var óhræddur við að nota vísindin til þess að fjalla um hana.

Það er áhugi í þjóðfélaginu á andlegum málefnum. Íslendingar eiga langa sögu ýmiskonar trúar og hjátrúar. Erlendur Haraldsson gerði rannsókn á trúarviðhorfum Íslendinga og viðhorfum til dulrænna og trúarlegra fyrirbæra. Hann komst að því að aðeins „þrír af hundraði töldu sig alls ekki trúaða“, en um það bil fjórir af fimm töldu sig nokkuð eða mjög trúaða (Erlendur Haraldsson, 1978, bls. 31). Það virðist því eðlilegt að trúarlíf sé eitt af viðfangsefnum vísindagreinar sem fjallar um huga og hegðun mannsins. Þetta á ekki síst við í klínísku samhengi, þar sem trú er í sumum tilvikum lykilatriði í bataferli fólks (líkt og kom fram í sögum Tolstoy og „pennavinsins“). Það ætti ekki að skipta máli hvort trúin er „rétt“ eða ekki, svo lengi sem hún er engum skaðleg. Að þessu leyti nýtist hin pragmatíska nálgun James. Það ber að líta á ávextina, en ekki rótina. Ef trúin er það sem veitir fólki von og það fær styrk frá henni, þá ættu meðferðaraðilar að nýta það í meðferð. Án umfjöllunar um trúarlíf gæti sálfræðin misst af mikilvægum þætti sálarlífsins og orðið fátækari fyrir vikið.

HEIMILDASKRÁ

- Aldís Unnur Guðmundsdóttir og Jörgen L. Pind (2003). *Almenn sálfræði. Hugur, heili, hátterni*. Reykjavík: Mál og menning.
- Emmons, R. A. og Paloutzian, R. F. (2003). The psychology of religion. *Annual Review of Psychology* (54), 377-402.
- Erlendur Haraldsson (1978). *Þessa heims og annars: Könnun á dulrænni reynslu Íslendinga, trúarviðhorfum og þjóðtrú*. Reykjavík: Bókaforlagið Saga.
- Feinstein, H. M. (1984). *Becoming William James*. Ithaca: Cornell University Press.
- Guðmundur Finnbogason (1905). William James: Ýmsar tegundir trúarreynslunnar. *Skírnir*, (79), 310-330.
- Hilgard, E. R. (1987). *Psychology in America: A historical survey*. New York: Harcourt Brace Jovanovich, Publishers.
- Hood, R. W., Hill, P. C. og Spilka, B. (2009). *The psychology of religion: An empirical approach* (4. útgáfa). New York: The Guilford Press.
- James, W. (1902/1985). *The varieties of religious experience*. Cambridge, Massachusetts: Harvard University Press.
- Jansz, J. og Van Drunen, P. (ritstjórar). (2004). *A social history of psychology*. Oxford: Blackwell Publishing Ltd.
- Kuklick, B. (2001). *A history of philosophy in America: 1720-2000*. Oxford: Oxford University Press.
- Leahey, T. H. (2013). *A History of psychology. From antiquity to modernity* (6. útgáfa). New Jersey: Pearson.
- Myers, F. W. H. (1903/1927). *Human personality and its survival of bodily death*. London: Longmans, Green and Co. LTD.
- Myers, G. E. (1986). *William James, his life and thought*. New Haven: Yale University Press.
- Nolen-Hoeksema, S., Fredrickson, B. L., Loftus, G. R. og Wagenaar, W. A. (2009). *Atkinson & Hilgard's introduction to psychology* (15. útgáfa). Andover, Hampshire: Cengage Learning EMEA.
- Passer, M., Smith, R., Holt, N., Bremner, A., Sutherland, E. og Vlieg, M. (2009). *Psychology: The science of mind and behaviour*. Glasgow: McGraw Hill Education.
- Perry, R. B. (1935). *The thought and character of William James. (Volume I. Inheritance and vocation)*. Boston: Little, Brown and company.

- Piedmont, R. L. (2013). A short history of the psychology of religion and spirituality: providing growth and meaning for Division 36. *Psychology of Religion and Spirituality*, (5), 1-4.
- Putnam, R. A. (ritstjóri). (1997). *The Cambridge companion to William James*. New York: Cambridge University Press.
- Ross, B. (1991). William James: spoiled child of American psychology. Í Kimble, G. A., Wertheimer, M. og White, C. L. (ritstjórar). *Portraits of Pioneers in Psychology*. Washington: Lawrence Erlbaum Associates Inc. og American Psychological Association.
- Santrock, J. W. (2005). Psychology of Religion. Í *Psychology* (7. útgáfa). Dallas: McGraw-Hill.
- Sigurjón Björnsson (1973). *Sálarfræði I*. Reykjavík: Hlaðbúð.
- Simonton, D. K. (2002). *Great psychologists and their times: Scientific insights into psychology's history*. Washington: American Psychological Association.
- Smith, J. E. (1985). Introduction. Í James, W. *The varieties of religious experience* (bls. xi-li). Cambridge, Massachusetts: Harvard University Press.
- Vande Kemp, H. (2002). The Gifford lectures on natural theology: Historical background to James's Varieties. *Streams of William James, A publication of the William James society*, (4), 2-8.